

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 12.03.2024	Kl. 13:15	Staður: Grand hótel
Fundarboðari: JÞ	Fundarritari: EHJS	Teams

Dagskrá:

1. *Kjaramál - Þórarinn Eyfjörð formaður*
2. *Laganefnd Sameykis kynnir tillögur að lagabreytingum*
3. *Undirbúningur fyrir aðalfund hópavinna:*
 - a. *Ályktanir*
 - b. *Staða fræðslusjóða og styrktar og sjúkrasjóðs*
 - c. *Orlofsmál – fara yfir stöðu og fyrirhuguð verkefni*
 - d. *Fjárhagur félagssjóðs Sameykis*

Kaffihlé

4. *Farið yfir niðurstöður hópastarfs*
5. *Önnur mál*

Fundur settur:

Þórarinn setti fundinn. Hann bauð alla velkomna bæði raunheimum og netheimum. Enn fremur bauð hann gesti fundarins velkomna.

Erum að upplifa góða mætingu, fullur salur og á 6. tug á veraldarvefnum

1. Kjaramál:

Þórarinn fór yfir stöðuna.

Sameyki gerir 17 kjarasamninga ásamt samningum við OHF félögin. Erum komin í þéttasta samtalið við ríki og Reykjavíkurborg.

Af almenna markaðnum er það að fréttu að SA og breiðfylkingin skrifuðu undir kjarasamning í síðustu viku og er samhljóma álit flestra að nokkuð vel hafi tekist til. Þeir samningar eru „merkið“ til annarra að vinna eftir. Viðræður eru í gangi milli VR og Sigrún. Þórarinn fór yfir launabreytingar, kjaratengda liði kjarasamninganna ásamt desember- og orlofsuppbótum. Uppbótamódel af almenna markaðnum hefur oftast varpast yfir í samninga ríkisins.

Nú er ekkert þak á þeim launum sem fá hækkun, en það var í síðustu samningunum. Þórarinn fór yfir innihald samningsins fyrir utan launaliðinn.

Okkar hlutverk á næstu vikum er að vinna úr þessu og koma okkur í samræður við okkar viðsemjendur. Telur líkur á að samningar geti tekið svölitinn tíma. Þeir sem eru í efri lögum launataflna, eins og t.d. BHM telja sig hafa setið eftir í síðustu samningum og vilja leiðréttingu núna.

Erum með 64 fulltrúa okkar í samninganefndum.

2. Laganefnd Sameykis kynnir tillögur að lagabreytingum:

Þórarinn kynnti laganefundina. Í henni sitja Egill Heiðar Gíslason, sem er formaður nefndarinnar, Ingibjörg Sif Sigríðardóttir varaformaður Sameykis, Egill K. Björnsson stjórnarmaður Sameykis, og Helga Bryndís Kristjánsdóttir ásamt formanni.

Aðalbreytingin núna er í 3. kafla varðandi stjórnarfundum og stjórnarstörf. Breytingartillagan fjallar um skilgreiningu á hlutverkum formanns og skrifstofustjóra, en ekkert er talað um skrifstofustjóra í lögum félagsins. Stærsti hluti breytinga er á 5. kaflanum en jafnframt er fjallað um 3. kaflann vegna úrgöngu úr stjórn.

Þórarinn las upp tillögu að áskorun frá aðalfundi Sameykis árið 2024 til stjórnar og trúnaðarmannaráðs. Áskorunin er vangaveltur um endurnýjun í stjórn til að koma í veg fyrir að öll stjórnin hætti á einu bretti. Grunnhugmyndin er eðlileg endurnýjun en samt þannig að bara hluti stjórnar gangi út hverju sinni.

Umræður og spurningar

3. Undirbúningur fyrir aðalfund – hópavinna:

Jakobína fór yfir fyrirkomulag hópavinnunnar á trúnaðarmannaráðsfundinum. Salnum var skipt upp og hóparnir hófu vinnu við málefnaumræður. Að lokinni þeirri vinnu komu fundarmenn aftur í saman og kynntu niðurstöður umræðna.

Kaffihlé

4. Farið yfir niðurstöður hópastarfs

Fjórir hópar voru í hópavinnunni og kynntu niðurstöður vinnu í sínum hópi.

➤ Ályktanir:

Axel Jón Ellenarson og Þórarinn stýrðu umræðum

Þórarinn fór yfir tillögur að ályktunum sem lagðar verða fyrir aðalfund Sameykis þann 21. mars nk.

Sex tillögur voru til umfjöllunar og verða kynntar á aðalfundi

➤ Staða fræðslusjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs

Starfsmenn sjóðanna stýrðu umræðum

Marý Björk Þorsteinsdóttir fór yfir stöðu styrktar- og sjúkrasjóðs.

Gissur Þór Hákonarson fór yfir stöðu fræðslusjóða.

Sjóðirnir almennt vel reknir og staðan góð.

➤ Orlofsmál – farið yfir stöðu og fyrirhuguð verkefni

Sindri Már Smáráson, Vilhjálmur Ólafsson og Margrét Einarsdóttir voru starfsmenn orlofssjóðs og stýrðu umræðum.

Vilhjálmur kynnti. Margar spurningar og mikill áhugi. Margar góðar tillögur sem verða teknar til skoðunar.

➤ Fjárhagur félagssjóðs Sameykis.

Gunnsteinn R Ómarsson skrifstofustjóri stýrði umræðum.

Sævör Þorvarðardóttir frá Fangelsinu á Kvíabryggju kynnti. Staðan er almennt góð og reksturinn í góðu jafnvægi.

5. Önnur mál:

- Frá Teams komu tvær spurningar um launalækkun vaktainnufólks í sumarorlofi. Verður tekið á þessu í komandi samningum?

- i. Ekki nægilega góð niðurstaða í síðustu samningum. Vaktahvatar til vandræða. Úrlausnin er flókin því öll stéttarfélög og allir viðsemjendur eiga aðkomu að lausnum.
 - ii. Þurfum lausnir í þessum samningum. Erum að biða eftir upplýsingum og niðurstöðum frá vinnuhópi um betri vinnutíma.
- Hefur verkban SA á verkfallsboðun VR áhrif á viðræður um kjarasamninga?
 - i. Verið að boða verkfall hjá 180 félagsmönnum innan VR. Ef SA setur verkban á skrifstofufólk, sem eru um 20.000 manns, gætu þau jafnvel verið að senda hópinn heim launalaust. eru með þessu að beina reiði félagsmanna að VR en ekki SA.
 - ii. Kemur til með að hafa áhrif, því það er verið að reyna að hafa áhrif á gerðir VR
 - Þórarinn nefndi hækkun í vinnudeilusjóð sem var samþykkt tímabundið fyrir 2 árum. Eigum sterkan sjóð sem hefur alltaf verið okkar bakhjarl og afl í vinnudeilum og það vita atvinnurekendur. Tökum þessa umræðu upp aftur á næsta aðalfundi.
 - i. Spurning viljum við samþykkja áframhaldandi 1.1% í vinnudeilusjóð?
 - ii. Hvað er æskilegt að eignir vinnudeilusjóður sé stór? Sem stærstur, því stærri og burðugri vinnudeilusjóður því betra gagnvart vinnuveitendum.
 - iii. 2015 kostuðu verkföll um 300 milljónir sem var ca 1/3 af eignum vinnudeilusjóðs.
 - iv. Lagt til að við verðum með óbreytt gjald í vinnudeilusjóði.
 - v. Mikilvægt að hafa tölulegar upplýsingar fyrir aðalfundinn.

Umræður og spurningar.

Þórarinn þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi..

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:41